

Borgarráð Reykjavíkurborgar
b.t. Ólafar Magnúsdóttur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2019

Efni: Fyrirspurn vegna verkefnisins: Landfylling austan Laugarness – R19100358

Vísað er til tölvupósts dags. 21.10. s.l . varðandi neðangreint.

BORGARRÁÐ 17. október 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um landfyllingu austan Laugarness sem teygir sig út í Skarfaklett - R19100358

Unnið er við framkvæmdir við landgerð austan Laugarness á vegum Faxaflóahafna. Verkið er rúmlega 2 ha landgerð og er í samræmi við samþykktu breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 sem staðfest var í mars 2019. Fyrir liggur framkvæmdaleyfi fyrir verkinu, dags. 9. apríl 2019 og starfsleyfi fyrir efnismóttöku á fyllingarefni.

Ferill málsins var í meginatriðum eftirfarandi:

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 24. maí 2018. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Hverfisráðs Laugardals; Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins; Nágrannasveitarfélögum; Umhverfisstofnun; Vegagerðinni; Skipulagsstofnun; Faxaflóahöfnum; Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Einnig var haft samráð við Veitur við undirbúning tillögugerðarinnar.

Tillaga að breyttu aðalskipulagi var síðan auglýst frá 21. desember 2018 til 1. febrúar 2019 og þá samþykkt af skipulags- og samgönguráði 20. febrúar 2019 og borgarráði 7. mars 2019. Samþykkt tillaga var staðfest af Skipulagsstofnun 1. apríl 2019 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 3. apríl 2019.

Svar við spurningu 1 („Hvað er landfyllingin stór í umfangi?“)

Í umsókn um framkvæmdaleyfi var verki lýst sem um 2 ha landfyllingu. Nánari skilgreining á forsendum miðast við að heildarflatarmál á fylltu landi innan sjóvarnargarða verði alls um 2,3 ha. Miðað er við að meðfram allri fyllingu næst sjó verði opið göngusvæði og eins verði gönguleið út eftir sjóvarnargarðinum sem teygir sig í átt að Skarfakeri.

,Svar við spurningu 2: („Var skoðað hvort landfyllingin þyrfti að fara í umhverfismat þar sem hún er svo nálægt friðuðu Laugarnesi?)

Fyrirhuguð landfylling er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu þar sem um er að ræða framkvæmd í flokki C í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif breytinganna á umhverfi sitt og gerð grein

fyrir því í sérstakri umhverfisskýrslu. Þar var lagt mat á áhrif stækkunar á ýmsa umhverfisþætti:

„Áhrif á umhverfið

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi sitt og er gerð grein fyrir því mati í umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrslan er fylgiskjal með þessari umsókn. Í umhverfisskýrslu er lagt mat á áhrif stækkunar hafnarsvæðis á nýrri landfyllingu við Klettagarða á landnotkun, landslag og ásýnd, strandlínu og lífríki í sjó, verndarsvæði, útivistarsvæði og menningarminjar. “

Svar við spurningu 3 („Hvers konar starfsemi á að koma á landfyllinguna?“)

Í texta aðalskipulags segir um tilgang og markmið við mótun deiliskipulags:

- „ Meta framtíðar landþörf skólphreinsistöðvar við Klettagarða og tryggja landrými vegna stækkunarþarfa hennar
- Tryggja landrými fyrir starfsstöðvar Faxaflóahafna við Klettagarða, þar sem starfsemi hafnarinnar sameinast á einn stað
- Meta skilyrði fyrir mögulega ylströnd í jaðri hafnarinnar, í nágrenni við útivistarsvæðið í Laugarnes“

Hvað Faxaflóahafnir sf. varðar þá er nauðsynlegt og skynsamlegt til framtíðar að sameina starfsstöðvar Faxaflóahafna sf. í Reykjavík á stað sem hentar og er miðsvæðis fyrir lykilstarfsemi hafnar, þ.e. skrifstofu, bækistöð og skipaþjónustu með viðlegu fyrir dráttarbáta. Farið er að þrengjast mjög um starfsaðstöðu hafnar í Austurhöfn. Stór hluti af kolefnisspori eigin starfsemi hafnar (um 90 %) er tilkominn vegna dráttarbáta hafnar. Sem styðst sigling þessara báta að þeim stað þar sem þeir þjónusta stærri skip vegur talsvert þungt í þessu sambandi. Ekki er í dag hægt að benda á annan hagkvæmari kost varðandi nýja staðsetningu á starfsaðstöðu hafnar en þennan. Engin vinna er farin af stað við undirbúning deiliskipulags þar sem ekki liggja enn fyrir nauðsynlegar forsendur tillögugerðar.

Svar við spurningu 4 („Hvaðan er efnið sótt?“)

Landspítalinn (NLSH) óskaði eftir því í mars 2018 að Faxaflóahafnir sf. skoðuðu möguleika á að taka á móti efni vegna framkvæmda við nýjan Landspítala á árunum 2018 til 2020. Þar var áætlað að fengjust um 200.000 m³ af efni og er reiknað með að um 80% efnisins yrði nýtanlegt til landfyllinga. Lögð var sérstök áhersla á mikilvægi þess að stytta aksturleiðir til losunar m.a. vegna umhverfissjónarmiða. Faxaflóahafnir mátu það sem svo í minnisblaði dags. 6. apríl 2018 að hentug staðsetning fyrir nýja landfyllingu, sem nýta mætti efnið í, gæti verið við eldri landfyllingu og manngerða strandlínu norðan við Klettagarða, austan Laugarness. Þessi framkvæmd myndi stytta mjög flutning með efni af Landspítalalóðinni, sem myndi væntanlega annars vera flutt í Bolaöldu um 35 km leið. Verkið þarf að ganga hratt fyrir sig og ekki er hægt að geyma og vinna fyllingarefni á framkvæmdasvæði spítalans. Allt efni þarf að keyra burt um leið og það er sprengt.


Til landgerðar var alls reiknað með að þurfi um 375.000 m³ af fyllingarefni. Þar af um 35.000 m³ af völdu grjóti til sjóvarna. Efnisútvegur var áætluð þessi:

- Heildarmagn efnis frá Landspítala, talið verða 200.000 m³
- Fyllingarefni sem Faxaflóahafnir eiga á svæðinu utan Klepps, talið vera 60.000 m³

- Fyllingarefni sem þarf að fá frá öðrum stöðum um 115.000 m³

Efnisflutningar frá grunn Landspítala hafa gengið vel og verk á áætlun. Fram hefur komið að magnölur efnis þar voru í fastri klöpp sem þýðir talsverða magnaukningu í efnismagni mælt yfir í fyllingu. Efnismagn sem fæst úr grunninum verður því líklega um 260.000 - 280.000 m³ komið í fyllingu. Í annan stað hefur fengist úr grunni mikið magn af völdu stórgrýti og magn þess er umfram það sem að reiknað var með. Framgangur fyllinga er því hraðari en talið var í upphafi og fyllingarefnisþörf frá öðrum stöðum verður minni sem nemur magnaukningu efnis úr Landspítalagrunni eða innan við 50.000 m³. Gert var ráð fyrir í áætlunum að landgerð stæði yfir á árunum 2019 -2021 en nú er útlit fyrir að henni geti jafnvel lokið á árinu 2020.

Virðingarfyllst,



Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri